

Umboðsmaður skuldara

Þjónustan okkar

Veitum einstaklingum sem eiga í verulegum greiðslu- erfiðleikum [ókeypis](#) aðstoð við að fá heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausna


- Ráðgjöf
- Greiðsluaðlögun
- Fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar Framfærsluviðmið
- Fræðsla




Fjöldi umsókna eftir mánuðum

70 umsóknir að meðaltali á mánuði fyrstu fjóra mánuði ársins.


Voru 65 að meðaltali fyrstu fjóra mánuði ársins 2023




Aldursskipting umsækjenda




Fjölskyldustærð



Atvinnustaða




Búsetuform



Umsækjendur um aðstoð vegna fjárhagsvanda 2024



52% konur
48% karlar



38% eru 30-39 ára
23% eru 18-29 ára
21% eru 40-49 ára



76% eru einstaklingar
17,51% eru hjón og sambúðarfólk



61% í leiguhúsnæði
15% í eigin fasteign




37% eru öryrkjar
41% eru í atvinnu
17% atvinnulaus

Breyting frá árinu 2023
9% í eigin fasteign
58% í leiguhúsnæði


Breyting frá 2023
34% í atvinnu
33% eru öryrkjar

Stærstu kröfuhafar 2023 (greiðsluaðlögun)

Hlutfall krafna viðkomandi kröfuhafa af heildar skuldum 2023



Heildar fjöldi málnúmera með kröfur frá viðkomandi kröfuhafa



Samsetning skulda (Greiðsluaðlögun 2023)

- Ef horft er til einstaklinga sem sótt hafa um greiðsluaðlögun þá var hlutfall einstaklinga með einhverskonar skyndilán/smálán á árinu 2023 76%.
- Til samanburðar var hlutfall einstaklinga með skyndilán 57% árið 2019
- Hlutfall þessara krafna af heildarskuldum er þó ekki mjög hátt enda oftast um lægri fjárhæðir að ræða heldur en t.d. þegar um fasteignalán er að ræða. Hlutfallið var 9% á árinu 2023

Breyttur hópur ?

- Já að einhverju leyti er hópurinn að breytast
- Að vera í fjárhagsvanda er ekki auðvelt og við leggjum mikið upp úr því að mæta einstaklingum þar sem þeir eru.
- UMS getur ekki leyst vanda allra.
- Fræðsla og forvarnir eru mikilvægir þættir .
- Nýlegar breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga gera UMS betur í stakk búið til að taka á breyttum hópi og þjónusta betur þann hóp sem hefur verið stöðugur síðustu ár.

Breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010

Markmiðið breytinganna er að greiðsluaðlögun einstaklinga verði betra úrræði fyrir einstaklinga í verulegum fjárhagserfiðleikum

- Fleiri geta leitað greiðsluaðlögunar
 - Rýmkun skilyrða um búsetu og lögheimili á Íslandi
 - Rýmkun á skilyrðum sem gera UMS kleift að samþykkja fleiri umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga

Heildstæðari lausn

- Mögulegt verður að gera ráð fyrir fleiri kröfum inn í greiðsluáætlun sem annars falla ekki undir greiðsluaðlögun.
 - Hér er átt við fésektir, kröfur vegna virðisaukaskatts, kröfur um afdregna vangoldna staðgreiðslu opinberra gjalda, kröfur um skaðabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi og meðlagskröfur
- Betri heimildir eru nú til að koma til móts við fasteignaeigendur í verulegum fjárhagsvanda.
 - Tímabundið lægri mánaðarleg afborgun af veðkröfum
 - Tímabundin gjaldfrestur af veðkröfum ef óveruleg eða engin greiðslugeta er til staðar
- Ábyrgðarmenn námslána með virkar ábyrgðarskuldbindingar sem eru í greiðslu- og/eða skuldavanda geta nú leitað lausna í gegnum úrræði greiðsluaðlögunar.

Breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010

- Einföldun á breytingaferli - Gildir einnig um samninga sem hafa nú þegar tekið gildi
 - Breyting á greiðsluáætlun
 - Skuldar getur óskað eftir því við umboðsmann skuldara að veittur sé gjaldfrestur á allt að þremur gjalddögum samkvæmt samningi, án þess að breytingin sé borin undir kröfuhafa, ef upp koma sérstakar og ófyrirsjáanlegar aðstæður sem koma í veg fyrir að unnt sé að uppfylla skyldur samkvæmt samningi.
- Eftirfylgni
 - Umboðsmaður skuldara fær með nýjum ákvæðum heimild til að afla upplýsinga frá greiðslumiðlunarbönkum um vanskil samninga, m.a. í þeim tilgangi að veita skuldara ráðgjöf um rétt til breytinga á samningi. UMS mun því fylgjast með þeim samningum sem lenda í vanskilum og leiðbeina skuldurum eftir atvikum um að óska eftir breytingu á samningi til að koma í veg fyrir að samningar verði ógiltir.

Leitin að peningunum

- Hlaðvarpspættir og fræðslumyndbönd sem framleidd eru af umboðsmanni skuldara með stuðningi frá Félagsmálaráðuneytinu.
- Markmiðið að efla fjármálalæsi og fjármálavitund.
- Ókeypis hlutlaus fræðsla um fjármál
 - Hlaðvarp
 - Hljóðbók um fjármál
 - Fræðsluinnsög á samfélagsmiðlum
 - Nýjasta – fræðsla á ensku





Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi

**Sameiginleg þjónustumiðstöð UMS og TR
Ópið: virka daga 10:00-15:00**

Sími: 512 6600

Ráðgjafi er við símann frá 10:00-15:00

Netfang: ums@ums.is

Umsókn: www.ums.is rafræn skilríki

Við erum á facebook